
Gilsárvirkjun í Eiðapinghá, Múlaþingi

Álit um umhverfismat framkvæmdar

1 Inngangur

1.1 Framlagning og kynning umhverfismatsskýrslu

Þann 17. mars 2025 lagði Orkusalan ehf. fram umhverfismatsskýrslu um Gilsárvirkjun í Múlaþingi til kynningar og athugunar Skipulagsstofnunar sbr. 23. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Framkvæmdaraðili lagði fram uppfærða umhverfismatsskýrslu þann 10. júní 2025.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Múlaþings, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Náttúrufræðistofnunar, Náttúruverndarstofnunar, Umhverfis- og orkustofnunar, Minjastofnunar Íslands, Veðurstofu Íslands, Vegagerðarinnar og Lands og skóga.

Umhverfismatsskýrslan var kynnt með auglýsingu í Morgunblaðinu 13. júní 2025, Dagskránni á Austurlandi 19. júní 2025 og Bændablaðinu 26. júní 2025 og var aðgengileg á Skipulagsgátt. Kynningartími var frá 13. júní til 25. júlí 2025.

1.2 Gögn

Framlögð gögn Orkusölunnar ehf.

Umhverfismatsskýrsla: Gilsárvirkjun í Eiðapinghá í Múlaþingi. Umhverfismatsskýrsla. 10. júní 2025.

Umsagnir og athugasemdir

Umsagnir um umhverfismatsskýrslu bárust frá:

- Múlaþingi dags. 7. júlí 2025
- Veðurstofu Íslands dags. 8. júlí 2025
- Umhverfis- og orkustofnun dags. 18. júlí 2025
- Náttúrufræðistofnun dags. 23. júlí 2025
- Vegagerðinni dags. 24. júlí 2025
- Minjastofnun Íslands dags. 25. júlí 2025
- Fiskistofu dags. 29. júlí 2025
- Hafrannsóknastofnun dags. 31. júlí 2025
- Heilbrigðiseftirliti Austurlands dags. 31. júlí 2025
- Náttúruverndarstofnun dags. 8. ágúst 2025
- Land og skógi dags. 8. ágúst 2025

Auk framangreindra umsagna bárust umsagnir frá eftirtöldum aðilum:

- Veiðifélagi Selfljóts dags. 25. júlí 2025
- Helga Ómari Bragasyndi 25. júlí 2025




Að loknum kynningartíma umhverfismatsskýrslu bárust Skipulagsstofnun viðbrögð framkvæmdaraðila við umsögnum þann 2. september 2025.

2 Framkvæmd

2.1 Framkvæmdalýsing

Í köflum 2.1.1 til 2.1.7. í umhverfismatsskýrslu er að finna lýsingu á helstu framkvæmdapáttum.

Framkvæmdin sem um ræðir er 6,7 MW vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá sem virkjar 3,0 m³/s rennsli með 277 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu, stöðvarhúss, lagningu 6,5 km langs vegar og 6.100 m langrar aðrennslispípu. Hliðarinntak verður í Innri-Lambadalsá og 280 m safnlögn til að veita henni í virkjunina. Til skoðunar er að veita einnig Ytri-Lambadalsá í virkjunina um hliðarinntak og 580 m safnlögn (Valkostur B). Styrkja þarf brú yfir Gilsá og verður það gert í samráði við Vegagerðina. Aðkomuvegurinn verður 6 m breiður og verður slóði sem fyrir er styrktur og gerður burðarhæfur en leggja þarf nýjan veg innst í dalnum. Áætluð efnispörf er 65.000 m³. Efni verður sótt í átta námur á framkvæmdasvæðinu og skeringar. Aðrennslispípan verður niðurgráfin trefjaplastpípa 1,2-1,3 m í þvermál. Stöðvarhúsið verður um 150 m² og um 10 m hátt og staðsett á norðurbakka Gilsár, skammt ofan við Nykurfossa. Stíflan verður 12 m há og 160 m löng jarðvegsstífla með steypu inntaki, botnrás og yfirfalli. Inntakslón verður um 1,6 ha með 48 þús. m³ miðlunargetu en í lægstu stöðu verður lónið 0,4 ha (sjá mynd 1). Botnrás verður opnuð á vorin til að hleypa framburði í árlegum vorflóðum áfram niður ána. Virkjunin verður tengd við dreifikerfi RARIK með 33 kV jarðstreng sem verður að öllum líkindum annað hvort plægður um 12-14 km leið með Borgarfjarðarvegi að tengivirki við Miðhús eða 18-20 km leið að tengivirki við Lagarfoss. Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við virkjunina vorið 2026 og að hægt verði að gangsetja hana í árslok 2027. Framkvæmdin kemur til með að raska tæpum 11 ha lands. Virkjunin skerðir rennsli í farvegi Gilsár, Innri-Lambadalsár og mögulega Ytri-Lambadalsár (valkostur B) á milli stíflu og stöðvarhúss og að jafnaði mun virkjunin taka mestallt rennsli Gilsár á þessum kafla frá ágúst og fram í maí, en frá maí og fram í ágúst rennur venjulega vatn um yfirfall og niður farveg Gilsár. Næst stíflunni verður farvegurinn nær þurr en við stöðvarhús verður alltaf óskert rennsli af 17 km² til 20 km² (valkostur B) af 63 km² vatnasviði árinna ofan stöðvarhússins. Framkvæmdaraðili áformar að notast við dægurmiðlun þegar rennsli er lítið en við slíka dægurmiðlun hefur virkjunin áhrif á rennsli niður allan farveg Gilsár/Selfljóts.



Mynd 1. Fyrirhuguð stífla. Inntakslónið er að mestu bundið við farveg Gilsár. Dökk skygging sýnir lónið í lægstu stöðu (úr umhverfismatsskýrslu).

2.2 Frávik frá matsáætlun

Í umhverfismatsskýrslu er fjallað um nýjan valkost sem ekki var til umfjöllunar í matsáætlun Orkusölnunar. Í honum felst að sleppa hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá til að koma til móts við athugasemdir umsagnaraðila og Skipulagsstofnunar um möguleg áhrif á vatnalíf neðar í vatnakerfinu.

2.3 Valkostir

Í umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila kemur fram að í áliti sínu um matsáætlun hafi Skipulagsstofnun lagt til að skoðaður væri sá valkostur að hafa virkjunina án dægurmiðlunar. Slíkt myndi breyta virkjuninni í hreina rennslisvirkjun og þyrfti þá að miða virkjað rennsli við lágrennsli á veturna. Það myndi þýða mun minni virkjun, og þyrfti að virkja fleiri ár til að ná sömu raforkuframleiðslu og miðlunargetu. Það er jafnframt það lágt virkjað rennsli að framkvæmdin myndi ekki bera sig þar sem raforkuframleiðsla yrði töluvert minni án dægurmiðlunar. Rennslisvirkjun í Gilsá e, r að mati Orkusölunnar, því óraunhæfur samanburðarvalkostur.

Til að koma til móts við athugasemdir umsagnaraðila og Skipulagsstofnunar um möguleg áhrif á vatnalíf neðar í vatnakerfinu leggur Orkusalan til valkost B sem felst í að sleppa hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá. Þessi hliðará Gilsár fær þá að renna óheft út í farveg Gilsár öllum stundum mitt á milli stíflu og stöðvarhúss og minnkar það virkjað vatnasvið og tryggir meira rennsli í farvegi árinna neðan virkjunar öllum stundum. Rennslisskerðing verður því minni og þar af leiðandi hlutfallslega minni rennslisveiflur af völdum miðlunar. Ætti það að skila sér í minni áhrifum á vatnalífri árinna. Einnig verður minna rask á landi, en þessi valkostur felur í sér að ekki verður 580 m löng aðrennslispípa upp með Ytri-Lambadalsá, ekkert steypit inntak verður í ánni og enginn vegur með pípu upp að inntaki.



Mynd 2. Valkostur B felur í sér að sleppa hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá og leyfa vatni þaðan að renna óhindruðu í Gilsá. (Úr umhverfismatsskýrslu).

3 Mat á umhverfisáhrifum

Í umhverfismatsskýrslu Orkusölunnar ehf. eru notaðar vægiseinkunnirnar verulega neikvæð, talsvert neikvæð, nokkuð neikvæð, óveruleg, engin áhrif, óvissa, nokkuð jákvæð, talsvert jákvæð og verulega jákvæð umhverfisáhrif. Gerð er grein fyrir vægiseinkunnum á bls. 60 í umhverfismatsskýrslunni.


Við umfjöllun um hvern umhverfispátt hér að neðan eru fyrst dregin saman meginatriði úr mati Orkusölunnar á umhverfisáhrifum. Síðan er fjallað um efnisatriði úr umsögnum sem bárust á kynningartíma umhverfismatsskýrslu og úr svörum framkvæmdaraðila við þeim. Þar á eftir fylgir umfjöllun Skipulagsstofnunar sem byggir á umhverfismatsskýrslu framkvæmdaraðila, umsögnum, svörum framkvæmdaraðila við umsögnum og eftir atvikum öðrum gögnum.



3.1 Vatnafar, vatnalíf og vatnshlot

3.1.1 Mat Orkusöðlunnar ehf.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að Gilsá sé fiskgeng upp að Nykurfossum (mynd 3) og á því fiskgenga svæði megi finna urriða, bleikju og lax. Ekki er vitað til þess að fiskur sé fyrir ofan Nykurfossa og í rannsóknum sumarið 2024 fundust engin seiði ofan við fossinn. Gilsá er dragá með lítil lindaráhrif svo rennsli árinna er mjög breytilegt milli árstíða og margfaldast á vorin og fram eftir sumri þegar köld snjóbráð kemur niður úr fjöllum. Með hliðsjón af vatnshlotum er Gilsá skipt upp tvö vatnshlot og er Gilsá 2 með vatnshlotanúmerið 102-1225-R frá upptökum í Vestdalsvatni og niður að ármótum við Þverá, um 400 m ofan við fyrirhugað stöðvarhús. Frá ármótum við Þverá og niður að ármótum við Núpsá hefur Gilsá 1 vatnshlotanúmerið 102-1109-R, og nær um 10 km niður fyrir fyrirhugað stöðvarhús. (sjá mynd 3). Þar fyrir neðan er vatnshlotið Selfljót 1 (102-1083-R). Fram kemur að sumarið 2024 hafi Náttúrustofa Austurlands rannsakað líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotanna í samræmi við kröfur og leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot. Alls voru allir gæðapættir með ástandsflokkunina mjög gott ástand líkt og búast má við í óröskuðum ám af þessari vatnagerð.



Mynd 3. Skipting vatnshlota í Gilsá 1 og 2 og sýnatökustaðir vegna lífríkisrannsókna 2024. Sýnatökustaðir Hafrannsóknastofnunar vegna seiðarannsókna eru stjórnumerktir. (Úr umhverfismatsskýrslu).

Fram kemur að niðurstöður Náttúrustofu Austurlands um lífríki Gilsár hafi verið þær að áin hafi lágt efnainnihald og að mikill straumur og lágt hitastig í Gilsá endurspeglar í litlum þéttleika þörunga og hryggleysingja, sérstaklega á efstu stöðvunum, þar sem virkjun er fyrirhuguð. Jafnframt leiddu rannsóknir í ljós að áin er, eins og flokkun hennar skv. stjórn vatnamála gefur til kynna, næringaefnasauð og með lága frumframleiðni og kemur það fram í litlu magni og litlum



fjölbreytileika hryggleysingja, einkum þó á þeim kafla þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar. Fram kemur að rennslisbreytingar og gerð inntakslóns geti leitt til þess að ástand Gilsár 2 rýrni og nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafi verið sett fyrir það og því mun Orkusalan þurfa að sækja um heimild til Umhverfis- og orkustofnunar til breytinga á vatnshloti í samræmi við 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála.

Fram kemur það mat framkvæmdaraðila að áhrif á vatnafar verði verulega neikvæð milli stíflu og stöðvarhúss; þar verður alltaf skert rennsli á meðan virkjunin er í rekstri. Á lágrennslistímabilum, sem geta staðið yfir í marga mánuði, rennur ekkert vatn um yfirfall stíflu og er þá hlutfallslega verulega skert rennsli í farveginum. Áin er á þessum kafla ófiskgeng og vatnalífriki mjög fábrotið og í litlu magni. Áhrif á lífríki eru þó metin talsvert neikvæð vegna lengdar árkafla milli stíflu og stöðvarhúss sem verður fyrir verulega skertu rennsli, og vegna varanleika áhrifa, en líftími virkjunarinnar er margir áratugir. Áhrif á vatnalífriki eru þó að mestu afturkræf ef virkjunin verður tekin úr rekstri og vatn fær aftur að renna óhindrað niður farvegin. Fram kemur að neðan stöðvarhúss er farvegur Gilsár/Selfjóts um 47 km langur. Þar eru engin áhrif á vatnafar og vatnalíf frá því að vorleysingar hefjast og fram eftir sumri á þeim árstíma sem er hvað mikilvægastur fyrir vatnalífriki og frumframleiðslu árinna. Frá hausti og allan veturinn mun hins vegar gæta áhrifa dægurmiðlunar á vatnafar og vatnalífriki, mismikið eftir aðstæðum en rennslisskerðing að nóttu til er af stærðargráðunni um 0,5 - 1,5 m³ /s. Að sama skapi eykst rennsli um sambærilegt magn að degi til. Frá stöðvarhúsi og niður að Núpsá mun dægurmiðlunin hafa merkjanleg áhrif við mesta lágrennsli sem stendur yfir í nokkrar vikur á ári en á þeim árkafla er áin köld og frjósemi lítil og botndýralíf fábrotið. Laxfiskar eru jafnframt fálíðaðir efst á fiskgenga í Gilsá sbr. veiðitölur og seiðarannsóknir. Bæði urriði og bleikja eru aðallega neðar í ánni, einkum urriðinn. Það er helst laxastofn árinna sem mun verða fyrir neikvæðum áhrifum vegna Gilsárvirkjunar en efsti hluti fiskgenga svæðisins eru hans helstu búsvæði. Fyrir neðan ármót Gilsár og Núpsár í Selfljóti verða áhrifin vægari og alltaf hlutfallslega minni með sístækkandi stærð vatnasviðsins eftir því sem neðar dregur. Því metur framkvæmdaraðili að áhrif á vatnafar og vatnalífriki neðan stöðvarhúss verði talsvert neikvæð niður að ármótum við Núpsá, en þar fyrir neðan í Selfljóti eru áhrif talin óveruleg.

Fram kemur að áhrif valkostar B á vatnafar og vatnalífriki séu minni sökum þess að neðan ármóta Gilsár við Ytri-Lambadalsá verði meira vatn í farveginum öllum stundum. Milli stíflu og stöðvarhúss eru áhrifin því metin talsvert neikvæð, og neðan stöðvarhúss eru þau metin nokkuð neikvæð niður að Núpsá. Þar fyrir neðan eru áhrif á vatnafar óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir.

Fram kemur að sem mótvægisáðgerð hafi valkosti B verið bætt við en sú útfærsla tryggi meira rennsli í farvegi Gilsár öllum stundum, einkum yfir lágrennslistímabil.

3.1.2 Umsagnir

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að hvergi komi fram í umhverfismatsskýrslunni hver umhverfismarkmið vatnshlotanna séu sem framkvæmdin hafi áhrif á en þau markmið eru lagalega bindandi. Í umhverfismatsskýrslunni (byggt á skýrslu Náttúrustofu Austurlands) er það nefnt að við byggingu Gilsárvirkjunar verði breyting á vatnsformfræði Gilsár 2, þar sem stífla/stíflur verða reistar í árfarveginum, innstakslón myndað og rennslisbreytingar verða í ánni neðan stíflu og að helst megi búast við breytingum á lífríki frá því sem áður var neðan stíflu vegna rennslisbreytinga og í inntakslóninu. Ekki sé nákvæmlega hægt að segja fyrir um hverjar breytingarnar verða nema með rennslismælingum og vöktun á líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðapáttum eftir að virkjun hefur verið reist. Stofnunin bendir á að það sé ljóst að vatnsaflsvirkjun breyti vatnsformfræðilegum eiginleikum vatnshlots sem í flestum tilfellum hafi áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlotsins. Því er mikilvægt að það liggi fyrir hverjar breytingarnar verði áður en framkvæmdaraðili hyggst óska eftir heimild til breytingar vatnshlots skv. lögum um stjórn vatnamála, slíkt verður ekki gert með vöktun eftir að virkjun hefur verið reist. Ef að ljóst er



samkvæmt áhrifamati (þar sem allir gæðapættir hafa verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá) að umhverfismarkmið vatnshlots næst ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þarf að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Setja þarf fram mótvægisáðgerðir sem miða að því að upphefja ástand vatnshlotanna sem verða fyrir áhrifum og þurfa þær mótvægisáðgerðir að tryggja að vatnshlotið, sem breytingin nær til, nái a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi og fyrir mikið breytt vatnshlot góðu vistmegni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að umhverfismarkmið séu þau sömu og núverandi ástand, mjög gott fyrir vistfræðilegt ástand og gott fyrir efnafræðilegt ástand. Er þetta hæsta ástandseinkunn flokkanna. Í umhverfismatsskýrslunni er fjallað um áhrif á líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlota. Í leyfisveitingarferlinu verður óskað eftir fundi með Umhverfis- og orkustofnun þar sem farið verður yfir hvaða gögn þurfa að fylgja með leyfisumsókninni.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að mögulegum mótvægisáðgerðum sé flestum ýtt til hliðar vegna hagkvæmnissjónarmiða. Þannig myndi vistrennsli (e. Eco flow) taka of stóran hluta vatnsins til þess að virkjun væri hagkvæm. Rétt er að benda á að við hönnun virkjunar þarf að taka á þessum þáttum og mikilvægt að draga úr áhrifum vatnsborðsveifla eins og kostur er. Nauðsynlegt er að huga að mótvægisáðgerðum sem stuðla að því að áhrif framkvæmdanna verði sem minnst. Dæmi um mótvægisáðgerðir vegna neikvæðra áhrifa vatnsaflsvirkjana er að tryggja að alltaf sé allavega lágmarks vatn í farvegum virkjaðra straumvatna þar sem ekkert vatnalífriki þrífst án vatns. Stofnunin áréttar nauðsyn þess að gerð verði rannsókn á lífríki í vatni áður en ákvörðun er tekin um framkvæmdir og eftir því sem við á eftir framkvæmdir, sem taki til allra vatnshlota á áhrifasvæðinu. Þá er í umsögninni minnt á að mikilvægt sé að þess verði gætt að óþarfa rask verði ekki s.s. af umferð tækja og að mengandi efni berist ekki í vatn á svæðinu.

Í umsögn Veiðifélags Selfljóts er bent á að ekki hafi verið leitað til félagsins við gerð umhverfismatsskýrslu til þess að sannreyna upplýsingar um m.a. þætti sem snúa að nýtingu veiðisvæða. Kemur það berlega í ljós þegar lesið er í gegnum skýrsluna að lítið er gert úr þeim hagsmunum sem snúa að veiði í ánni. Fiskstofnar árinna hafa verið í hnignun undanfarin ár og frekari skerðingar á búskilyrðum í ánni er því mjög mikið áhyggjuefni ef ekki er gripið til einhverra mótvægisáðgerða og vöktunar á áhrifum þeirra á lífríki árinna. Bent er á að laxastofninn á vatnasvæði Selfljóts sé náttúruauðlind sem beri að vernda með öllum ráðum og megi á engan hátt ganga nærri búsvæðum og/eða lífsskilyrðum hans í ánni. Bent er á að lax hafi verið í ánni áður en seiðasleppingar hófust. Í umsögninni kemur fram það sjónarmið að ekki sé nægjanlega gerð grein fyrir eða lagt mat á áhrif dægurmiðlunar á lífríki árinna og að ekki sé lagt mat á heildaráhrif þess að gerbreyta vatnshloti Gilsár ofan Nykurfossa á heildarlífkeðjuna, eins og kveðið er á um í 10. grein laga um náttúruvernd, svo sem vegna fækkunar smádyra í ánni sem hefði bein áhrif á fæðuframboð tegunda ofar í fæðukeðjunni neðan Nykurfossa. Telur veiðifélagið að nauðsynlegt sé að setja fram skýrar kröfur til framkvæmdaraðila um vöktun lífríkisins ef að framkvæmdinni verður. Einnig að settir verði fram tölulegir mælikvarðar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar auk skilyrða um mögulega breytingu á og/eða framkvæmd dægurmiðlunar sé lífríki árinna og fiskistofna ógnað. Umræddir mælikvarðar og mat á áhrifum verði sett fram og samkvæmt sérfræðingum Fiskistofnu en verði ekki í umsjón framkvæmdaraðila. Í umsögninni er bent á það mat framkvæmdaraðila að ekki sé grundvöllur fyrir þessari framkvæmd nema með dægurmiðlun og er þar vísað til bættrar nýtingar orkuauðlindarinnar. Slíkt má þó hvorki verða til þess að gengið sé á aðrar náttúruauðlindir né að gengið sé gegn markmiðum laga um náttúruvernd og/eða laga um vernd villtra dýra.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Orkusalan telji líklegt að leyfisveitendur muni setja skilyrði um vöktun í leyfi sín fyrir framkvæmdinni. Bent er á að til sé fjöldi seiðarannsóknna í Gilsá, þar á meðal 9 mælingar á tveim mælistöðvum síðan 2005. Áframhaldandi mælingar á þeim tveim stöðvum væri góður tölulegur mælikvarði um áhrif virkjunarinnar á fiskistofna árinna.



3.1.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Áform Orkusölunnar fela í sér að stífla Gilsá og mynda 1,6 ha inntakslón og veita ánni með þrýstipípu um 6 km leið frá stíflu niður að stöðvarhúsi. Þegar lítið rennsli er í ánni áformar framkvæmdaraðili einnig að loka fyrir rennsli um virkjunina á nóttunni og keyra hana aðeins yfir daginn með svokallaðri dægurmiðlun. Frá hausti og allan veturinn og fram á vor mun gæta áhrifa dægurmiðlunarinnar á vatnafar og vatnalífriki neðan stöðvarhúss í Gilsá og síðan í Selfljóti allt til sjávar um 47 km leið. Gilsá er skipt í tvö vatnshlot: Gilsá 2 frá upptökum í Vestdalsvatni og niður að ármótum við Þverá, um 400 m ofan við fyrirhugað stöðvarhús og Gilsá 1 sem nær um 10 km niður fyrir fyrirhugað stöðvarhús að ármótum við Núpsá og síðan tekur við vatnshlottið Selfljót. Ljóst er að um er að ræða verulegt inngrip inn í vatnafar á áhrifasvæði virkjunarinnar með tilheyrandi áhrifum á vatnalíf. Um leið koma fyrirhugaðar framkvæmdir til með að hafa áhrif á gæðabætti vatnshlota innan áhrifasvæðisins. Um er að ræða bæði áhrif á framkvæmdatíma vegna byggingar ýmissa mannvirkja og efnistöku, með tilheyrandi raski og gruggmyndun og á rekstrartíma vegna breytinga á vatnafari Gilsár, bæði í inntakslóni og einkum vegna rennslisskerðinga á rúmlega 6 km kafla milli stíflu og stöðvarhúss af þeim 15 km kafla frá upptökum að stöðvarhúsi og vegna ónáttúrulegra sveiflna í rennsli neðan stöðvarhúss þegar notast er við dægurmiðlun. Ávallt mun verða skert rennsli á milli stíflu og stöðvarhúss á meðan virkjunin er í rekstri en skerðingin verður mest næst stíflu en síðsumars á þurrum sumrum og mestallan veturinn verður farvegurinn nær þurr þar en eftir því sem neðar dregur í átt að stöðvarhúsi mun vatn renna í farveginum úr lækjum og hliðarám. Slíkar aðstæður koma til með að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki í ánni á þessum kafla en skv. framlögðum gögnum er þessi hluti árinna ekki fiskgengur og áin þar næringaefnasnauð og með lága frumframleiðni sem endurspeglast í litlum fjölbreytileika hryggleysingja en búast má við að breyting verði á samsetningu og þéttleika hryggleysingja og þörungna. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að áhrif á vatnafar milli stíflu og stöðvarhúss verði óhjákvæmilega verulega neikvæð í ljósi þeirrar gífurlegu röskunar sem verður á ánni og að áhrif á vatnalífriki á þessum kafla verði talsvert neikvæð og þá einkum næst stíflu. Stofnunin telur að valkostur B hafi einnig verulega neikvæð áhrif á vatnafar á tæplega 3 km kafla Gilsár milli stíflu og Ytri-Lambadalsár en hann er þó skárri en aðalvalkostur þar sem heldur meira rennsli verður í farvegi Gilsár neðan Ytri-Lambadalsár. Ljóst er að þær breytingar sem verða á vatnafari og lífríki Gilsár milli stíflu og stöðvarhúss kunna einnig að hafa áhrif á lífríki árinna neðan stöðvarhúss. Fyrir liggur að neðan hússins, þar sem áhrifa dægurmiðlunar gætir í vatnshlotinu Gilsá 1, eru búsvæði og hrygningarsvæði lax, urriða og bleikju. Skipulagsstofnun tekur undir það álit sem kemur fram í sérfræðiskýrslu Náttúrustofu Austurlands að miðað við útreikninga á rennslisbreytingum í Gilsá 1 fyrir báða valkosti virkjunarinnar megi gera ráð fyrir að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á lífsferla laxfiska en Náttúrustofan telur Gilsá 1 verðmæta með tilliti til laxfiska og veiðinytja.

Þrátt fyrir að dregið hafi úr veiði laxfiska í Gilsá undanfarin ár er ljóst að fyrirhuguð dægurmiðlun kann að gera það að verkum að laxfiskar muni eiga enn frekar undir högg að sækja þá einkum á þeim svæðum sem eru næst stöðvarhúsi þar sem áhrifa dægurmiðlunarinnar kemur til með að gæta mest. Við dægurmiðlun verða miklar ónáttúrulegar sveiflur í rennsli innan dags neðan stöðvarhúss sem munu valda því að hluti af búsvæðum vatnalífvera fer reglulega á þurrt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífverurnar. Þessi áhrif dvína þegar neðar dregur þar eð vatnasviðið stækkar og rennsli árinna eykst. Engu að síður er hér um umtalsvert inngrip að ræða í vatnafar og lífríki árinna neðan stöðvarhúss og í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun að áhrifin geti verið verulega neikvæð, einkum á svæðum næst stöðvarhúsi en viðbúið er að neikvæðra áhrifa muni gæta allt til árósa þar sem Selfljót rennur út í Héraðsflóa. Telur stofnunin að valkostur B geti einnig haft verulega neikvæð áhrif neðan stöðvarhúss þó áhrif hans verði heldur minni en aðalvalkostar.

Skipulagsstofnun telur umfjöllun í umhverfismatsskýrslu Orkusölunnar um veiði í Gilsá/Selfljóti vera villandi. Í umhverfismatsskýrslunni er ekki sögð mikil veiði á þeim svæðum sem verða fyrir mestum



áhrifum af virkjuninni, þ.e. veiðisvæðum 6 og 7 og byggir Orkusalan það eingöngu á fjórum slökustu veiðiárum í ánni. Þegar horft er til þess hversu mikil áhrif fyrirhuguð dægurmiðlun kemur til með að hafa á þessum efstu svæðum telur Skipulagsstofnun óheppilegt að Orkusalan hafi ekki leitað frekari upplýsinga um veiði á svæðunum hjá Veiðifélagi Selfljóts. Skipulagsstofnun gerir jafnframt athugasemd við þá staðhæfingu Orkusölunnar að laxastofn árinna sé leifar mikilla seiðasleppinga án þess að leggja fram gögn því til stuðnings og haldi því til streitu í svörum við umsögnum eftir að veiðifélagið hefur upplýst fyrirtækið um það í umsögn sinni að lax hafi verið í ánni áður en seiðasleppingar hófust.

Í umsögn Veiðifélags Selfljóts eru birtar sundurliðaðar veiðitölur fyrir árin 2006-2012. Á tímabilinu 2006-2024 hefur heildarveiði á laxi, urriða og bleikju dregist mikið saman í Gilsá/Selfljóti. Mest fór veiðin í 719 fiska árið 2010 en minnst í 111 fiska árið 2021. Á þessu tímabili veiddust að meðaltali 356 fiskar í ánni á ári sem skiptast þannig 177 bleikjur, 135 urriðar og 44 laxar. Ána mætti því flokka sem meðalveiðiá. Af veiðitölunum má ráða að áin virðist henta bleikju og urriða betur en laxi. Við skoðun á veiði á svæðum 6 og 7 þau ár þar sem fyrir liggja upplýsingar um veiði eftir svæðum, þ.e. árin 2006-2012 og 2021-2024, má sjá að veiðin á þessum efstu svæðum er mjög breytileg milli ára, eða 11 til 153 fiskar og er meðalveiðin 76 fiskar á ári sem skiptast nokkuð jafnt milli tegundanna þriggja, þ.e. 27 laxar, 25 urriðar og 23 bleikjur. Allar tegundirnar virðast því nýta sér þessi efstu svæði en þau virðast þó vera mikilvægust fyrir lax. Af þeim 620 löxum sem veiddust í Gilsá/Selfljóti á þessum 11 árum veiddust 302 laxar á svæðum 6 og 7, eða rétt tæpur helmingur. Þá kemur fram í greinargerð um uppeldisskilyrði fyrir laxfiska í vatnakerfi Selfljóts¹ að aðal uppeldissvæði laxaseiða í vatnakerfinu sé á þessum tveimur efstu svæðum, eða nánar tiltekið frá Núpsá og upp að Ormsstöðum, en uppeldisskilyrði fyrir lax megi einnig finna í smáum stíl víðar í vatnakerfinu. Þannig má leiða líkum að því að þessi tvö efstu svæði séu sérstaklega mikilvæg fyrir lax. Í fyrrnefndri greinargerð kemur fram að héraendis finnst lax aðeins í litlum mæli í ám þar sem rafleiðni er undir 60 µS/cm en samkvæmt umhverfismatsskýrslu mældist rafleiðni í Gilsá 25,8 - 48,6 µS/cm á árunum 2005 til 2020. Skipulagsstofnun getur því tekið undir með Orkusölunni um að margt bendi til þess að Gilsá/Selfljót sé ekki sérlega hentugt búsvæði fyrir lax. Engu að síður virðist áin ná að fósra lítinn laxastofn. Rannsóknir benda til þess að stofnar laxfiska sem lifa á jaðri útbreiðslusvæðis (e. trailing edge populations) séu viðkvæmir fyrir breytingum á rennsli og aðgengi að búsvæðum². Skipulagsstofnun telur ljóst að fyrirhuguð dægurmiðlun kemur til með að hafa mikil neikvæð áhrif vatnafar og lífríki Gilsár neðan stíflu á því svæði sem virðist vera mikilvægasta búsvæði lax í ánni. Með vísan til framanritaðs telur Skipulagsstofnun líkur á því að þær breytingar sem verða á búsvæðum vatnalífvera í Gilsá neðan stöðvarhúss við dægurmiðlun kunni að leiða til þess að laxastofn árinna nái ekki að viðhalda sér lengur. Að mati Skipulagsstofnunar felur það í sér óafturkræft tap á líffræðilegri fjölbreytni, enda gengur það gegn verndarmarkmiðum laga um náttúruvernd auk þess sem um er að ræða tegund sem flokkuð er í yfirvofandi hættu á valista Alþjóða náttúruverndarsambandsins (IUCN)³.

Komi til leyfisveitinga telur Skipulagsstofnun nauðsynlegt að skilgreina mótvægisáðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnalíf og þarf að gera ráð fyrir að þær verði unnar í samráði við Hafrannsóknastofnun. Til dæmis væri þar hægt að skilgreina lágmarksrennsli í farvegum neðan stíflu og stöðvarhúss og útfæra áðgerðir til að minnka áhrif rennslissveiflna. Einnig telur Skipulagsstofnun að útbúa þurfi vöktunaráætlun fyrir vatnalíf í samráði við Hafrannsóknastofnun. Jafnframt telur Skipulagsstofnun að ganga verði út frá því að tímasetning og

¹ Sigurður Guðjónsson og Ingi Rúnar Jónsson (1997). Uppeldisskilyrði fyrir laxfiska í vatnakerfi Selfljóts – Greinargerð. Veiðimálastofnun, Reykjavík.

² Anatomy of a range contraction: Flow–phenology mismatches threaten salmonid fishes near their trailing edge (2025). Slóðin er: <https://www.pnas.org/doi/10.1073/pnas.2415670122>

³ The IUCN Red List of Threatened Species. Atlantic salmon. Slóðin er: <https://www.iucnredlist.org/species/19855/67373433>



tilhögun framkvæmda í og við farvegi áa verði ákveðin í samráði við Hafrannsóknastofnun og Veiðifélag Selfjós.

Fyrir liggur að Náttúrustofa Austurlands rannsakaði líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlota í samræmi við kröfur og leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot sumarið 2024. Umhverfis- og orkustofnun hefur í umsögn sinni bent á atriði varðandi frekara mat á gæðapáttum vatnshlota, m.a. að ef ljóst er samkvæmt áhrifamati, þar sem allir gæðapættir hafa verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá, að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þurfi að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdaraðili þarf að hafa samráð við Umhverfis- og orkustofnun varðandi endanlegt áhrifamat.

3.2 Gróður og vistgerðir

3.2.1 Mat Orkusölunnar ehf.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að sumarið 2024 hafi verið gerð sérstök gróður- og vistgerðarannsókn á áhrifasvæði framkvæmdarinnar til að meta grunnástand svæðisins og möguleg áhrif framkvæmdarinnar á gróður og vistgerðir. Niðurstöður hafi verið þær að gróður svæðisins sé hvorki sjaldgæfur á svæðis- né landsvísu og engar sjaldgæfar eða friðlýstar æðplöntur fundust. Við hönnun hafi tekist vel að sveigja pípuleið fram hjá votlendissvæðum og lítið sem ekkert sé um bakkagróður sem verði fyrir áhrifum. Ekki sé verið að raska vistgerðum sem njóti sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum og heildarrask framkvæmdarinnar sé lítið að umfangi. Ekki sé verið að raska gróðurheildum heldur sé rask bundið við mjóa línu í gegnum landið og sambærilegar vistgerðir sé að finna allt í kring auk þess sem rasksvæðið muni gróa upp að nýju. Í heild er varanlegt rask á gróðurlendi áætlað rúmir 8 ha. Tímabundið rask á yfirborði pípuleiðar er áætlað allt að 2,5 ha, þar af um 0,2 ha votlendi. Varanlegt rask valkostar B á vistgerðum er um 0,4 ha minna en aðalvalkostar. Það er mat framkvæmdaraðila að áhrif beggja valkosta á gróður og vistgerðir séu óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að við hönnun mannvirkja hafi verið lagt upp með að forðast rask á votlendi og einnig reynt að láta pípu og veg fylgja núverandi vegi upp dalinn eins og kostur er til að lágmarka nýtt rask. Ekki sé ráðgert að ráðast í frekari mótvægisáðgerðir varðandi gróður að öðru leyti en að vanda til verka við framkvæmdir og frágang.

3.2.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að stofnunin taki undir með framkvæmdaraðila um þá niðurstöðu umhverfismatsskýrslunnar að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á alla náttúrufræðispætti en að áhrif á gróður verði óveruleg.

Náttúruverndarstofnun telur að það komi ekki nægilega skýrt fram í umhverfismatsskýrslu hvaða leiðir verði farnar til að raska ekki votlendi og í hvaða mótvægisáðgerðir verði farið ef til röskunar kemur. Þá telur stofnunin að sundurliðaðar upplýsingar vanti um hve stór hluti rasksins verði á vistgerðum með hátt verndargildi.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að á tveim stöðum fari pípa um jaðar votlendis þar sem það afvatnar sig niður í Gilsárgljúfur. Pípan verður niðurgráfin í vatnsmettuðum jarðvegi og gengið frá yfirborði á þann hátt að gróður geti endurheimt það svæði. Hvorki verður skert votlendi sem nýtur sérstakrar verndar né því raskað varanlega. Áætlað er að tæplega 3 ha af vistgerðum með hátt verndargildi verði fyrir raski.



3.2.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur, skv. framlögðum gögnum Orkusölnunnar, að gróður svæðisins er hvorki sjaldgæfur á svæðis- né landsvísu og engar sjaldgæfar eða friðlýstar æðplöntur fundust við vettvangsrannsóknir en hins vegar munu vistgerðir með hátt og mjög hátt verndargildi raskast á um 3 ha svæði. Samkvæmt framlögðum gögnum eru sex votlendissvæði stærri en 2 hektarar, sem njóta verndar samkvæmt náttúruverndarlögum, meðfram aðrennslispípu og að stærstum hluta utan áhrifasvæðis framkvæmdanna; rask á votlendi mun verða um 0,2 ha. Skipulagsstofnun telur að ekki verði um umfangsmikið rask að ræða á gróðri eða vistgerðum sem njóta verndar en allstórt, gróið svæði mun verða fyrir raski við framkvæmdir. Stofnunin leggur áherslu á að öllu raski á grónum svæðum verði haldið í lágmarki og að vandað verði til alls frágangs og að tryggt verði að náttúrulegu afrennsli frá votlendi ofan við þrýstipípu verði viðhaldið. Skipulagsstofnun telur að framansögðu að áhrif á gróður og vistgerðir verði nokkuð neikvæð.

3.3 Fuglalíf

3.3.1 Mat Orkusölnunnar ehf.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að gerð hafi verið úttekt á fuglalífi 28. júní 2022 þar sem fuglalíf hafi verið kannað frá lónstæði niður að stöðvarhúsi eftir allri pípuleiðinni. Í ágúst árið 2024 var gerð önnur athugun af Náttúrustofu Austurlands þar sem sérstaklega var leitað að straumöndum með unga, auk þess sem annað fuglalíf var skráð. Í báðum athugunum, 2022 og 2024, sáust straumendur ofan við stíflustæði, á svæði sem verður ekki fyrir áhrifum af Gilsárvirkjun. Þekkt er að straumendur nota farvegi straumvatna til að fara eftir milli vetrar- og sumardvalar og ólíklegt að virkjunarmannvirki líkt og stífla sem fyrirhuguð er í Gilsá muni trufla það. Niðurstaðan eftir þær rannsóknir er að að öllum líkindum muni virkjun árinna með tilkomu lóns, vega og slóða og miðlun vatns ekki hafa afgerandi neikvæð áhrif á fuglalíf í dalnum til lengri tíma lítið og í einhverjum tilvikum geta áhrifin verið jákvæð hvað lón snertir þar sem myndast nátt- og fellistaður andfugla. Rask á búsvæðum fugla er lítið og það nær ekki yfir samfelld svæði heldur er mjó lína auk þess sem þéttleiki og fjöldi fugla á svæðinu er lítill, einkum þegar komið er upp á Gilsárdal og hærra yfir sjávarmál. Rennslisbreytingar í Gilsá hafa áhrif á fáa fugla og munu ekki hafa afgerandi áhrif á afkomu vatnafugla. Valkostur B raskar um 0,4 ha minna af búsvæðum fugla á landi heldur en aðalvalkostur og viðheldur meira rennsli öllum stundum í farvegi Gilsár neðan ármóta við Ytri-Lambadalsá. Það er því mat framkvæmdaraðila að áhrif beggja valkosta á fuglalíf séu óveruleg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að við hönnun hafi verið reynt að láta pípu og veg fylgja núverandi vegi upp dalinn eins og kostur er til að lágmarka nýtt rask á búsvæðum fugla. Ekki er ráðgert að ráðast í frekari mótvægisáðgerðir varðandi fuglalíf að öðru leyti en að vanda til verka við framkvæmdir og frágang svo að fuglar á landi nái að endurheimta búsvæði sín eins og kostur er.

3.3.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúrufræðistofnunar er bent á að nokkrar af þeim fuglategundum sem sáust á athugunarsvæðinu hafi farið á válista eftir að umhverfismatsskýrsla hafi verið gerð, þetta séu heiðlóa, snjótittlingur og spói sem séu metnar í nokkurri hættu og jaðrakan og straumönd sem séu metnar í yfirvofandi hættu.

Náttúruverndarstofnun leggur til að sem mótvægisáðgerð gagnvart áhrifum á fugla ætti að viðhalda lágmarksrennsli í Gilsá yfir varp- og sumartíma (maí-júní) til að tryggja fæðuöflun straumandar og annarra vatnafugla og að öðru leyti verði tekið tillit til varptímans með því að forðast jarðrask og hávaða til að vernda heiðlóu, jaðrakan og aðrar tegundir.



3.3.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Samkvæmt framlögðum gögnum er þéttleiki og fjöldi fugla á svæðinu ekki mikill en ljóst er að fuglar munu í einhverjum mæli missa búsvæði sín auk þess að verða fyrir truflun á þá einkum á varptíma. Skipulagsstofnun tekur undir umsögn Náttúruverndarstofnunar um að æskilegt sé að halda framkvæmdum í lágmarki yfir aðalvarptíma í maí-júní eins og kostur er. Þá liggur fyrir að minnkað rennsli kann að hafa neikvæð áhrif á búsvæði vatnafugla, og þá einkum straumendur en að mati Náttúrustofu Austurlands mun miðlun vatns ekki hafa afgerandi neikvæð áhrif á fuglalíf til lengri tíma lítið. Skipulagsstofnun telur með hliðsjón af því sem rakið er hér að framan að áhrif á fugla verði nokkuð neikvæð.

3.4 Landslag, ásýnd og jarðmyndanir

3.4.1 Mat Orkusölunnar ehf.

Í umhverfismatsskýrslu kemur fram að umfjöllun um landslag og ásýnd sé að hluta byggð á gögnum sem til eru, t.d. skýrslu um „Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu“⁴ en einnig hafi nýrra gagna verið aflað, einkum ljósmynda og landlíkans. Í umhverfismatsskýrslu séu sýndar ljósmyndir, bæði af landi og úr lofti og mannvirki sett inn á myndirnar með hjálp þrívíddarlíkans sem sýni áformað útlit mannvirkja og lóns að framkvæmdum loknum. Að mati framkvæmdaraðila felast helstu áhrif framkvæmdanna á landslag og ásýnd í stíflumannvirkjum en þar sem nokkuð er um tjarnir og vötn í fjallendinu muni 1,6 ha stórt inntakslón, sem sé langt og mjótt og einskorðast við farveg Gilsár, ekki hafa teljandi áhrif landslag. Þá mun rask vegna efnistöku verða á um 1,5 ha svæði. Fram kemur að stíflan sjálf verði þó nokkuð áberandi og muni stinga í stúf við umhverfið og verði eina mannvirkið á stóru svæði. Landslagsheildin, þar sem stíflan er staðsett, er þó mjög stór og áhrifin verða staðbundin sökum lítils sýnileika þar sem mannvikin séu neðst í dalbotni Gilsárdals. Mannvirki verði auk þess lágstemmd og munu falla vel inn í landið. Fram kemur að í Gilsá séu nokkrir fossar milli stíflu og stöðvarhúss, en fossar njóti sérstakrar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Rennsli þessara fossa mun skerðast meðan virkjunin verður starfrækt en ekkert rask verður á fossunum sjálfum. Engar aðrar jarðmyndanir eru í dalnum sem njóta sérstakrar verndar. Fram kemur að í tilfelli valkostar B þurfi ekki að leggja 600 m langan veg meðfram ánni og myndi það minnka ásýndaráhrif fyrir vegfarendur sem fari um dalinn auk þess sem valkosturinn feli í sér minni rennisskerðingu. Það er mat framkvæmdaraðila að staðbundin áhrif á nærumhverfi stíflu verði nokkuð neikvæð, en framkvæmdin í heild muni hafa óveruleg áhrif á landslag og ásýnd.

Fram kemur að stíflumannvirki Gilsárvirkjunar séu á jaðri þess svæðis sem hægt sé að flokka sem óbyggð víðerni og er sú ályktun byggð á greiningu í skýrslu frá árinu 2021 sem unnin hafi verið á vegum faghóps 1 fyrir 4. áfanga rammaáætlunar⁵. Í skýrslu sem unnin var af Wildland Research Institute við háskólann í Leeds í Englandi, er notuð önnur aðferðarfræði við kortlagningu á víðernum⁶. Að mati framkvæmdaraðila er kortlagning víðerna skv. þessari aðferðarfræði ónákvæm, í það minnsta í tilviki Gilsárdals.

⁴ EFLA og Land Use Consultants, „Landslag á Íslandi - Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu,“ EFLA, Reykjavík, 2020.

⁵ David C. Ostman, Ole Neumann og Þorvarður Árnason, „Óbyggð víðerni á Íslandi – greining og kortlagning á landsvísu,“ Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Hornafirði, Höfn, 2021.

⁶ Carver, S., Konráðsdóttir, S., Guðmundsson, S., Carver, B., & Kenyon, O., „New Approaches to Modelling Wilderness Quality in Iceland,“ Land, 12(2), 446, <https://doi.org/10.3390/land12020446>, 2023.



Mynd 4. Líkanmynd. Horft í suður að stíflu Gilsárvirkjunar úr móum um 200 m neðan við stífluna. Mynd fengin úr umhverfismatsskýrslu.

Vöktun og mótvægisaðgerðir

Fram kemur að stöðvarhús hafi verið fært upp í gil fyrir ofan Nykurfoss og við hönnun hafi verið reynt að láta pípu og veg fylgja núverandi vegi upp dalinn eins og kostur sé. Báðar þessar aðgerðir draga úr sýnileika fyrirhugaðra framkvæmda.

3.4.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Náttúruverndarstofnunar kemur fram að hönnun mannvirkja, litaval, efnisval og landmótun þurfi að vera hluti af heildaráætlun sem taki mið af 69. gr. laga nr. 60/2013. Í því felst að leggja skuli fram tillögur um að fella mannvirki sem best að landslagi með lágmarksraski á jarðvegi og gróðri, stilla hæð og stærð mannvirkja í hóf, og nota jarðlit að ytri klæðningu til að draga úr sjónrænum áhrifum. Fram kemur að skerðing á rennsli fossa teljist sem rask á vernduðum náttúruminum samkvæmt lögum um náttúruvernd, óháð því hvort sjónræn áhrif séu lítil.

Í umsögn Helga Bragasonar kemur fram að rannsóknir jarðfræðinga Eflu gefi ófullkomna mynd af jarðfræði Gilsárlds. Um sé að ræða merkar jarðfræðilegar minjar sem varðveiti upplýsingar um hörfun jökla við lok síðasta jökulskeiðs. Eyðilegging þessara minja verði að teljast óafturkræf. Á efnistökusvæðum verði um að ræða óafturkræfa eyðileggingu á gagnmerkum jarðfræðilegum minjum frá lokum síðasta kuldaskaiðs. Að mati Helga sé þörf á mótvægisaðgerðum sem felist í vönduðum rannsóknum á völdum sniðum (opnum) í malarnámum samhliða efnistöku á framkvæmdatíma.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að jarðfræðilegar minjar svæðisins verði ekki eyðilagðar, en efnistaka sé mjög lítið hlutfall af malarmyndunum svæðisins sem nái eftir endilöngum dalnum og langt í norður út fyrir hann. Um er að ræða umfangslitla efnistöku og mun flatarmál malarmyndunarinnar verða áfram hið sama sem og yfirbragð hennar þegar frágangi verði lokið. Ekki verði því um neina eyðileggingu á minjum að ræða.



3.4.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Um er að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir sem fela í sér marga framkvæmdaþætti, s.s. stíflu, veglagningu, stöðvarhús, inntakslón, aðrennslipípu, efnistöku og jarðstreng auk þess að valda rennisskerðingu á milli stíflu og stöðvarhúss. Framkvæmdirnar verða að stærstum hluta á svæði sem er óraskað eða lítt raskað og munu þær óhjákvæmilega hafa breytingar á yfirbragði Gilsárdals í för með sér. Hluti framkvæmdasvæðisins, þ.e. Gilsárgil upp að Ytri-Lambadalsá, hefur verið afmarkaður á korti í Náttúrumæaskrá Helga Hallgrímssonar undir náttúrumærinu Gilsá og telst náttúrumærið hafa miðlungs verndargildi. Um Gilsárdal liggur einnig gönguleið að Vestdalsvatni, sem er ein af 30 gönguleiðum á Fljótsdalshéraði sem kynntar hafa verið undir yfyrskriftinni Perlur Fljótsdalshéraðs⁷. Ofangreind mannvirki verða misvel sýnileg frá mismunandi stöðum en gera má ráð fyrir að stíflumannvirki verði hvað mest áberandi en þau verða staðsett ofarlega í ósnortnum hluta dalsins. Í minna mæli munu vegbætur á núverandi slóða og nýr vegur, ásamt stöðvarhúsi og inntakslóni hafa í för með sér staðbundnar ásýndarbreytingar. Þá er ljóst að gera má ráð fyrir talsverðum ásýndarbreytingum á svæðinu stóran hluta ársins vegna skerts rennslis í Gilsá á um 6 km kafla, m.a. að fossum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Skv. kortlagningu á vegum Háskóla Íslands er fyrirhugað framkvæmdasvæði í jaðri umfangsmikils svæðis sem skilgreina má sem víðerni á milli Eiðapinghár og Fljótsdalshéraðs annars vegar og Austfjarða hins vegar. Ef horft er til fyrrnefndrar kortlagningar Wildland Research Institute virðist sem hluti framkvæmdasvæðisins sé innan svokallaðra kjarnasvæða, sem eru villtustu víðerni landsins. Burtséð frá skilgreiningum og aðferðafræði þá er ljóst að framkvæmdir eru áformaðar á svæði sem að stærstum hluta ber lítt raskað yfirbragð án ummerkja mannsins og kann þannig að einhverju leyti að hafa áhrif á upplifun þeirra sem fara um svæðið, vegna fyrirhugaðra mannvirkja og inngrips í rennslis árinna. Að mati Skipulagsstofnunar er að einhverju leyti unnt að draga úr sýnileika mannvirkja með vönduðum frágangi og hönnun mannvirkja. Hins vegar er ljóst að aðkomuvegur, stífla og stöðvarhús munu mynda varanleg ummerki í landið. Þau ummerki verða ekki falin en brýnt er að halda umfangi rasks vegna þessara mannvirkja í lágmarki og gæta þess að ganga frá landinu svo fljótt sem auðið er. Skipulagsstofnun telur í ljósi þess sem rakið er hér að framan að áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásýnd verði talsvert neikvæð. Stofnunin telur að þegar á heildina er litið sé ekki marktækur munur á áhrifum valkostar B á landslag og ásýnd í samanburði við aðalvalkost. Komi til framkvæmda leggur stofnunin áherslu á að í aðalskipulagi, deiliskipulagi og leyfum verði sett ákvæði um útfærslu og tilhögun framkvæmda og mótvægisáðgerðir sem miði að því að draga úr áhrifum á landslag.

3.5 Áhrif á fornminjar

3.5.1 Mat Orkusöðunnar ehf.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að fornleifafræðingur hafi kannað fornleifar á framkvæmdasvæðinu í tveimur vettvangsferðum í ágúst 2022. Alls hafi verið skráðar 10 minjar. Í vettvangsferð í september 2024 hafi ein möguleg varða verið skráð til viðbótar. Flestar minjar hafi verið neðarlega á framkvæmdarsvæðinu í grennd við byggð. Af skráðum minjum hafi fjórar verið metnar í hættu vegna nálægðar við framkvæmdasvæðið. Sel 2788-7 sé nokkuð nálægt pípustæði en verði ekki raskað þar sem það verði girt af á framkvæmdatíma. Sama megji segja um ræsi og hleðslu 2788-9. Hlykkur verði gerður á veginn svo hann fylgi ekki núverandi vegi sem nýti umrædda hleðslu og ræsi. Ekki sé hægt að fara neðan við fornleifar þar sem þar taki við bratt gljúfur Gilsár, og ef farið sé ofan við fornleifar verði mikið nýtt rask á landi, þ.m.t. votlendi. Hleðsla 2788-10 sé í hlíðinni um 115 m ofan við inntakslón virkjunar, 300 m frá stíflustæði og sé því töluvert frá framkvæmdasvæðinu og verði ekki fyrir áhrifum af völdum framkvæmda. Varða 2788-11 sé á litlum

⁷ Múlaþing og Þjónustusamfélagið á Héraði (2021). Perlur Fljótsdalshéraðs – 30 spennandi gönguleiðir í nágrenni Egilsstaða. Skoðað 12. nóvember 2025 á: https://issuu.com/hshelgason/docs/perlur_2021_islenska



malarhól sem sé mitt á milli pípustæðis og vegar og eru líkur á raski því miklar en verndargildið er talið lítið. Framkvæmdaraðili telur áhrif á fornminjar óveruleg bæði á aðalvalkost og valkost B.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Fram kemur að búið sé að skrá allar þekktar minjar í grennd við framkvæmdasvæðið. Vegi hafi verið hliðrað til að forðast rask á minjum 2788-9 sem verða ásamt minjum 2788-7 girtar af á framkvæmdatíma.

3.5.2 Umsagnir um umhverfismatsskýrslu

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ljóst sé að upp gilið með ánni liggi forn leið og hafi vegurinn verið byggður upp árið 1884. Ummerki um þá vegaframkvæmd séu hleðsla og ræsi sem vitnað er til í umhverfismatsskýrslunni. Hleðslur í veginum hafi ekki verið greinanlegar á öðrum stöðum leiðarinnar. Þótt vegurinn verði nýttur áfram og byggður upp að hluta, þurfi að leitast við að valda ekki raski á honum að nauðsynjalausu. Minjastofnun bendir á að ofangreind varða sem lendi á miðju framkvæmdasvæðinu hafi verið hnitsett, ljósmynduð og skráð í fyrirbyggjandi fornleifaskráningu og teljist það fullnægjandi mótvægisáðgerð. Heimilt sé að fjarlægja hana ef nauðsynlegt reynist.

3.5.3 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun gerir ekki athugasemdir við umfjöllun um fornleifar í umhverfismatsskýrslu.

3.6 Áhrif á samfélag

3.6.1 Mat Orkusölunnar ehf.

Fram kemur í umhverfismatsskýrslu að áhrif virkjunarinnar á samfélag séu tvíþætt, annars vegar áhrif á atvinnulíf og hins vegar á efnahagsleg gæði. Virkjunin skapi atvinnutækifæri á undirbúningsstigi og framkvæmdarstigi. Raforka frá virkjuninni muni nýtast á svæði þar sem mikið hafi verið um raforkuskerðingar og bruna á olíu til bæði orkuöflunar og húshitunar. Með endurbættum vegi upp dalinn opnast möguleikar fyrir mun fleiri að nýta sér Gilsárdal til útivistar og gæti hann orðið áhugavert útivistarsvæði fyrir íbúa Egilsstaða og aðra. Framkvæmdaraðili metur áhrif framkvæmdanna á samfélag talsvert jákvæð og að áhrif valkostar B séu nokkuð sambærileg.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Ekki sé ráðgert að ráðast í sérstakar mótvægisáðgerðir varðandi samfélag að öðru leyti en að vanda til verka við framkvæmdir og frágang svo að svæðið nýtist áfram sem flestum og upplifun fólks verði góð.

3.6.2 Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á upplifun þeirra sem hafa eða munu nýta sér svæðið til útivistar en gerir að öðru leyti ekki athugasemdir við umfjöllun um samfélag í umhverfismatsskýrslu.

4 Skipulag og leyfi

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru ekki í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 og hefur Múlaþing auglýst breytingu á því auk þess sem vinna þarf deiliskipulag fyrir virkjunina þar sem settir verða fram skilmálar um stærð og fyrirkomulag mannvirkja og frágang á svæðinu að framkvæmdum loknum.



Fyrirhugaðar framkvæmdir eru háðar framkvæmdaleyfi Múlaþings skv. skipulagslögum og byggingarleyfi sveitarfélagsins skv. mannvirkjalögum. Umhverfis- og orkustofnun veitir virkjunarleyfi skv. raforkulögum og Heilbrigðiseftirlit Austurlands veitir starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun skv. reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Þá þarf að sækja um leyfi Fiskistofu skv. lögum um lax- og silungsveiði.

5 Niðurstaða

Í samræmi við 16. gr. reglugerðar nr. 1381/2021 hefur Skipulagsstofnun farið yfir umhverfismatsskýrslu Orkusöðlunnar ehf. um Gilsárvirkjun í Múlaþingi sem lögð var fram samkvæmt 23. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Skipulagsstofnun telur að umhverfismatsskýrslan uppfylli skilyrði laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Í umhverfismatsskýrslu Orkusöðlunnar ehf. eru kynnt áform um 6,7 MW vatnsaflsvirkjun ofarlega í Gilsá. Framkvæmdin felur í sér byggingu stíflu, stöðvarhúss, lagningu 6,5 km langs vegar og 6.100 m langrar aðrennslispípu auk þess sem 1,6 ha inntakslón verður myndað að mestu í farvegi árinna. Framkvæmdin kemur til með að raska tæpum 11 ha lands. Lagðir eru fram tveir valkostir, aðalvalkostur og valkostur B sem felst í að sleppa hliðarinntaki í Ytri-Lambadalsá.

Helstu umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda verða á vatnafar, vatnalíf og vatnshlot. Um er að ræða verulegt inngrip inn í vatnafar á áhrifasvæði virkjunarinnar með tilheyrandi áhrifum á vatnalíf. Ávallt mun verða skert rennsli á milli stíflu og stöðvarhúss á meðan virkjunin er í rekstri en skerðingin verður mest næst stíflu en síðsumars á þurru sumrum og mestallan veturinn verður farvegurinn nær þurr þar en eftir því sem neðar dregur í átt að stöðvarhúsi mun vatn renna í farveginn úr lækjum og hliðarám. Slíkar aðstæður koma til með að hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir lífríki í ánni á þessum kafla en skv. framlögðum gögnum er þessi hluti árinna ekki fiskgengur og áin þar næringaefnasauð og með lága frumframleiðni sem endurspeglast í litlum fjölbreytileika hryggleysingja. Skipulagsstofnun telur í ljósi ofangreinds að áhrif á vatnafar milli stíflu og stöðvarhúss verði óhjákvæmilega verulega neikvæð í ljósi þeirrar gífurlegu röskunar sem verður á ánni og að áhrif á vatnalífriki á þessum kafla verði talsvert neikvæð og þá einkum næst stíflu. Stofnunin telur að valkostur B hafi einnig verulega neikvæð áhrif á vatnafar á tæplega 3 km kafla Gilsár milli stíflu og Ytri-Lambadalsár en hann er þó skárri en aðalvalkostur þar sem heldur meira rennsli verður í farvegi Gilsár neðan Ytri-Lambadalsár. Ljóst er að þær breytingar sem verða á vatnafari og lífríki Gilsár milli stíflu og stöðvarhúss kunna einnig að hafa áhrif á lífríki árinna neðan stöðvarhúss þar sem eru búsvæði og hrygningarsvæði lax, urriða og bleikju. Fyrirhuguð dægurmiðlun mun gera það að verkum að hluti af búsvæðum vatnalífvera fer reglulega á þurrt með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á lífverurnar og kann að gera það að verkum að laxfiskar muni eiga enn frekar undir högg að sækja þá einkum á þeim svæðum sem eru næst stöðvarhúsi þar sem áhrifa dægurmiðlunarinnar kemur til með að gæta mest. Fyrirliggjandi gögn benda til að þessi efsti hluti Gilsár sé mikilvægur fyrir lax og telur Skipulagsstofnun líkur á því að þær breytingar sem verða á búsvæðum vatnalífvera í Gilsá neðan stöðvarhúss við dægurmiðlun kunni að leiða til þess að laxastofn árinna nái ekki að viðhalda sér lengur. Áhrif dægurmiðlunar dvína þegar neðar dregur þar eð vatnasviðið stækkar og rennsli árinna eykst. Engu að síður er hér um umtalsvert inngrip að ræða í vatnafar og lífríki árinna neðan stöðvarhúss og í ljósi þess sem rakið er hér að framan telur Skipulagsstofnun að áhrifin geti orðið verulega neikvæð, einkum á svæðum næst stöðvarhúsi en viðbúið er að neikvæðra áhrifa muni gæta allt til árósa þar sem Selfjót rennur út í Héraðsflóa.

Fyrir liggur að Náttúrustofa Austurlands rannsakaði líffræðilega og eðlisefnafræðilega gæðapætti vatnshlota í samræmi við kröfur og leiðbeiningar um mat á áhrifum framkvæmda á vatnshlot sumarið 2024. Umhverfis- og orkustofnun hefur í umsögn sinni bent á atriði varðandi frekara mat á gæðapáttum vatnshlota, m.a. að ef ljóst er samkvæmt áhrifamati, þar sem allir gæðapættir hafa



verið metnir og breytingarnar sem hafa áhrif á þá, að umhverfismarkmið vatnshlots náist ekki og sækja á um heimild til breytingar vatnshlots, þá þurfi að meta í hvaða ástand vatnshlot mun fara við framkvæmdina. Skipulagsstofnun bendir á að framkvæmdaraðili þarf að hafa samráð við Umhverfis- og orkustofnun varðandi endanlegt áhrifamat.

Skipulagsstofnun telur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á landslag, ásynd og jarðmyndanir verði talsvert neikvæð þar sem um verður að ræða nokkuð umfangsmiklar framkvæmdir sem fela í sér marga framkvæmdaþætti á svæði sem er að stærstum hluta óraskað eða lítt raskað og munu þær óhjákvæmilega hafa breytingar á yfirbragði Gilsárdals í för með sér með tilheyrandi áhrifum á upplifun þeirra sem fara um svæðið. Þær koma til með að verða sýnilegar frá mismunandi stöðum en gera má ráð fyrir að stíflumannvirki verði hvað mest áberandi en þau verða staðsett ofarlega í ósnortnum hluta dalsins. Þá mun skert rennsli á 6 km kafla hafa neikvæð áhrif á ásynd stóran hluta ársins m.a. að fossum sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd. Skipulagsstofnun telur að þegar á heildina er litið sé ekki marktækur munur á áhrifum valkostar B á landslag og ásynd í samanburði við aðalvalkost.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í umhverfismatsskýrslu Orkusölnunar.

Leyfisveitingar og skilyrði

Komi til leyfisveitinga telur Skipulagsstofnun mikilvægt að sett séu skilyrði um eftirfarandi atriði:

Setja þarf skilyrði um mótvægisáðgerðir til að lágmarka neikvæð áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á vatnalíf og þarf að gera ráð fyrir að þær verði unnar í samráði við Hafrannsóknastofnun. Til dæmis væri þar hægt að skilgreina lágmarksrennsli í farvegum neðan stíflu og stöðvarhúss og útfæra áðgerðir til að minnka áhrif rennissveiflna. Einnig telur Skipulagsstofnun að útbúa þurfi vöktunaráætlun fyrir vatnalíf í samráði við Hafrannsóknastofnun.

Reykjavík, 12. nóvember 2025

Jakob Gunnarsson

Jón Ágúst Jónsson

